

Uppgjör Össurar fyrir annan ársfjórðung 2006



Life Without Limitations

Reykjavík, 31. júlí 2006
Fréttatilkynning

Helstu niðurstöður annars ársfjórðungs

- Sala var 65,5 milljónir Bandaríkjadala (4,8 milljarðar íslenskra króna*), jókst um 85% frá öðrum ársfjórðungi 2005, mælt í Bandaríkjadölum.
- Söluaukning vegna innri vaxtar var 8%.
- Pro forma söluaukning var 4%.
- Afskriftir ófnislegra eigna í tengslum við fyrirtækjakaup á síðustu misserum námu 3 milljónum dala.
- Hagnaður fyrir afskriftir, vexti og skatta (EBITDA) var 13,1 milljón dala (964 milljónir íslenskra króna*), jókst um 69% frá öðrum ársfjórðungi 2005.
- EBITDA hlutfall var 20%, lækkar úr 22% á öðrum ársfjórðungi 2005.
- Hagnaður tímabilsins, að undanskildum afskriftum ófnislegra eigna vegna fyrirtækjakaupa á síðustu misserum, var 3,9 milljónir dala (287 milljónir íslenskra króna*), samanborið við 4,6 milljónir á öðrum ársfjórðungi 2005. Hagnaður tímabilsins án leiðréttingar vegna niðurfærslu ófnislegra eigna var 2,1 milljón Bandaríkjadala.
- Hagnaður að viðbættum afskriftum á útistandandi hlut að teknu tilliti til kaupprétta var 1,76 bandarísk sent og lækkar úr 1,86 bandarískum sentum á sama tímabili í fyrra.
- Hagnaður á hlut að teknu tilliti til kaupprétta var 0,55 bandarísk sent, lækkar úr 1,47 bandarískum sentum frá öðrum fjórðungi 2005.

Jón Sigurðsson, forstjóri:

"Sala á Norður-Ameríkumarkaði var mjög góð. Aukning í sölu á stoðtækjum var umfram væntingar og sala á spelkum og stuðningsvörum var í takt við áætlanir. Á hinn bóginn var sala á spelkum og stuðningstækjum á Evrópumarkaði heldur lakari en áætlað var, sem skýrist einkum af lakari sölu til dreifiðila. Samþætting og endurskipulagning í kjölfar fyrirtækjakaupa hafa verið meginverkefni okkar á ársfjórðungnum. Mikilvægir áfangar hafa náðst þrátt fyrir vissa erfiðleika í Evrópu og við erum bjartsýn að ná markmiðum okkar fyrir árið. Fyrsta verulega vörunýjung okkar í spelkum og stuðningsvörum, slitgigtarspelkan Unloader One, hefur hlotið mjög góðar viðtökur. Hátæknivörurnar Power Knee og Proprio Foot hafa einnig hlotið mjög góðar viðtökur. Við munum halda áfram að endurbæta núverandi starfsemi ásamt því að kanna ytri vaxtartækifæri til þess að ná settum markmiðum."

* Samkvæmt reikningsskilareglum miðast umreikningur rekstrarliða milli gjaldmiðla við meðalgengi rekstrartímabils. Við umreikning úr Bandaríkjadölum yfir í íslenskar krónur fyrir annan ársfjórðung er notað meðalgengi 73,57 ISK/USD. Við umreikning efnahagsliða er notað gengi í lok júní 76,60 ISK/USD.

Rekstrarniðurstöður fyrir annan ársfjórðung

Eftirfarandi eru helstu niðurstöður rekstrar fyrir annan ársfjórðung 2006. Sérstaklega er gerð grein fyrir afskriftum óefnislegra eigna vegna fyrirtækjakaupa síðustu missera, Royce Medical, Inc. og Innovation Sports, Inc. í Bandaríkjunum og IMP Holdings, Ltd. í Englandi.

Rekstrarreikningur 2. ársfjórðungs 2006 (þús. USD)	2. ársfj. 2006	Bakf. v/ afskr.	2. ársfj. 2006 án afskr.	% af sölu	2. ársfj. 2005	% af sölu	Breyt.
Sala	65.500		65.500	100%	35.422	100%	85%
Kostnaðarverð seldra vara	-26.787		-26.787	-41%	-13.863	-39%	93%
Framlegð	38.713		38.713	59 %	21.559	61 %	80 %
Aðrar rekstrartekjur	69		69	0%	510	1%	-87%
Sölu- og markaðskostnaður	-17.323	1.699	-15.624	-24%	-7.002	-20%	123%
Þróunarkostnaður	-4.228	1.047	-3.181	-5%	-2.767	-8%	15%
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	-8.753	256	-8.497	-13%	-5.800	-16%	46%
Rekstrarhagnaður	8.478		11.481	18 %	6.500	18 %	77 %
Fjármunatekjur / (fjármagnsgjöld)	-5.987		-5.987	-9%	-271	-1%	2109%
Hagnaður fyrir tekjuskatt	2.491		5.494	8 %	6.229	18 %	-12 %
Tekjuskattur	-372	-1.174	-1.546	-2%	-1.614	-5%	-4%
Hagnaður tímabilsins	2.119		3.948	6 %	4.615	13 %	-14 %
EBITDA	13.144		13.144	20 %	7.758	22 %	69 %

Sala

Sala á fjórðungnum var 65,5 milljónir Bandaríkjadala, sem er 85% aukning frá öðrum fjórðungi 2005, mælt í Bandaríkjadöllum. Áhrif vegna þróunar á gengi erlendra gjaldmiðla voru óveruleg þar sem jákvæð áhrif vegna styrkingar Kanadadollars og evru jafnast að mestu út vegna veikingar breska pundsins og sænsku krónunnar, miðað við annan ársfjórðung 2005.

Innri vöxtur var 8% mælt í Bandaríkjadöllum og pro forma söluaukning, að meðtöldum Royce Medical, Innovation Sports og IMP, nam 4%.

Pro forma söluaukning hjá Royce á Norður-Ameríkumarkaði var 8%, en vegna samdráttar í sölu í Evrópu og á öðrum alþjóðlegum mörkuðum er heildar pro forma söluaukningin 1%.

Sala Innovation Sports var rétt undir áætlun á Norður-Ameríkumarkaði en sala í Evrópu og á öðrum alþjóðlegum mörkuðum náði ekki áætlunum. Pro forma sala Innovation Sports dróst saman um 10%.

Pro forma sala hjá IMP í Englandi dróst saman um 3% samanborið við annan ársfjórðung 2005, sem er rétt undir væntingum. Samþætting fyrirtækjanna gengur samkvæmt áætlunum og gera stjórnendur ráð fyrir að ná markmiðum um sölu og hagnað fyrir árið 2006.

Heildarsala hvern virkan dag var rétt yfir 1 milljón dala, sem er 89% aukning samanborið við annan ársfjórðung 2005, mælt í Bandaríkjadöllum.

Vöruflokkar

Skipting sölu milli vöruflokka á fjórðungnum var þessi:

Þús. USD	2. ársfj. 2006	2. ársfj. 2005	Breyting
Stoðtæki	30.426	27.455	11%
Spelkur og stuðningsvörur	34.796	7.589	359%
Annað	278	378	-26%
Samtals	65.500	35.422	85 %

Sala á stoðtækjum nam 30,4 milljónum dala, eða 46% af heildarsölunni, en sala á stoðtækjum jókst um 11% frá öðrum ársfjórðungi 2005. Össur heldur forystu sinni á stoðtækjamarkaðnum og innri vöxtur félagsins er meiri en vöxtur markaðarins.

Markaðssetning á byltingarkenndum vörum á borð við Power Knee™ og Proprio Foot™ staðfesta tæknilega forystu Össurar. Power Knee™ er fyrsti vélknúni gervilimurinn í heiminum fyrir þá sem eru aflimaðir fyrir ofan hné sem gefur notendum virkni sem kemur í stað vöðva. Skynjari nemur hreyfingu heilbrigða fótans og gerir það að verkum að gervilimurinn framkvæmir sömu virkni. Þetta gefur notandanum aukið afl og líkist hreyfingu og skynjun mannslíkamans eins vel og kostur er.

Proprio Foot™ er fyrsti gervifóturinn með gervigreind sem hefur hreyfingar sem líkja eftir hreyfingum. Proprio fóturinn bregst við breyttum aðstæðum eins og t.a.m. þegar gengið er upp stiga, í brekku eða á jafnsléttu. Fóturinn veitir notendum aukið öryggi, betra jafnvægi og eðlilegra göngulag sem minnkar álag á bak, mjaðmir og hné.

Bæði Power Knee™ og Proprio Foot™ hafa hlotið góðar viðtökur hjá stoðtækjafræðingum, skurðlæknum og notendum en vörurnar voru kynntar á stærstu vörusýningu í Evrópu á sviði stoð- og stuðningstækja, sem haldin var í Leipzig í Þýskalandi í maí sl. Sýningar á þessum vörum á sýningarbás Össurar hlutu mikla athygli þeirra 14.900 þátttakenda á sýningunni sem komu frá 83 löndum. Power Knee™ og Proprio Foot™ vöktu einnig verðskuldaða athygli á árlegri ráðstefnu ACA (Amputee Coalition of America) sem haldin var í júní síðastliðnum.

Sala á spelkum og stuðningsvörum nam 34,8 milljónum Bandaríkjadala og var yfir 53% af heildarsölu sem er 359% aukning frá sama tímabili árið á undan. Slitgigtarspelkan Unloader One® er fyrsta spelkan sem Össur hefur markaðssett og er hönnuð með verulega breyttum áherslum. Hún hefur hlotið mjög góðar viðtökur og salan hefur þegar farið fram úr áætlunum á Norður-Ameríkumarkaði. Unloader One® spelkan verður markaðssett í Evrópu síðar á þessu ári. Þetta er til marks um að Össuri hefur tekist að yfirfæra tækniþekkingu frá stoðtækjum yfir á spelkur og stuðningsvörur.

Markaðssvæði

Dreifing sölu eftir markaðssvæðum var sem hér segir:

Þús. USD	2. ársfj. 2006	2. ársfj. 2005	Breyting í USD	Breyting í staðbundinni mynt
Norður Ameríka	40.485	18.133	123%	121%
Evrópa	20.773	14.794	40%	42%
Aðrir markaðir	4.242	2.495	70%	70%
Samtals	65.500	35.422	85%	84%

Norður Ameríka er stærsti markaður Össurar, eða um 62% af heildarsölunni. Vöxtur var áfram öflugur og jókst sala um 123% frá öðrum fjórðungi 2005, mælt í Bandaríkjadöllum. Sala hvern virkan dag jókst um 127% mælt í Bandaríkjadöllum. Söluaukning, mæld í staðbundinni mynt, er aðeins lægri eða 121% miðað við 123% mælt í Bandaríkjadöllum, sem skýrist af styrkingu Kanadadals gagnvart Bandaríkjadöllum. Innri vöxtur var 11% mælt í staðbundinni mynt. Samþætting Royce Medical og Innovation Sport í samstæðu Össurar hefur gengið samkvæmt áætlun og mikilvægum áföngum náð og nú er hluti af vörum Össurar seldur í gegnum sólunet Royce með góðum árangri.

Evrópa og Norðurlönd standa fyrir 32% af heildarsölunni. Aukning sölu á evrópska markaðnum var 40%, mælt í Bandaríkjadöllum. Sala hvern virkan dag jókst um 46% frá öðrum ársfjórðungi 2005. Veiking breska pundans og sænsku krónunnar vegur meira en styrking evru og er söluaukningin 42% mælt í staðbundinni mynt, samanborið við 40% mælt í Bandaríkjadöllum. Innri vöxtur nam 3% mælt í Bandaríkjadöllum. Þrátt fyrir að sala á spelkum og stuðningsvörum hafi verið undir áætlun eru horfur áfram jákvæðar. Samþætting á IMP gengur samkvæmt áætlun.

Sala á öðrum alþjóðlegum mörkuðum er 6% af heildarsölu, og jókst um 70% frá öðrum ársfjórðungi 2005. Össur hefur haldið áfram að vinna að því að styrkja sambönd sín í Kína og kynnti m.a. nýja Bionic vörulínu félagsins fyrir Hr. Deng Pufang á meðan á opinberri heimsókn hans til Íslands stóð í júlí síðastliðnum. Deng Pufang er formaður íþróttasambands fatlaðra í Kína og er þekktur sem mikil baráttumaður fyrir réttindum fatlaðra í Kína sem og annarsstaðar. Deng Pufang var mjög áhugasamur um hátæknivörur Össurar og staðfesti ósk sína um að byggja upp gott samband við Össur í framtíðinni.

Framlegð

Framlegð var 59% af sölu, sem er tæplega 2% lægra en á öðrum fjórðungi 2005. Há framlegð af sölu á vörum Royce Medical jafnast út vegna lægri framlegðar af sölu á vörum IMP og Innovation Sports. Gengisþróun hafði jákvæð áhrif á kostnaðarverð seldra vara, þó mest vegna veikingar íslensku krónunnar gagnvart Bandaríkjadöllum. Kostnaður vegna innköllunar á gervihnénunni Total Knee í lok mars var meiri en áætlað var í upphafi. Ástæðan fyrir innkölluninni var galli í pinna sem er í hnénu. Engin meiðsl eða slys hafa verið tilkynnt til fyrirtækisins vegna þessa.

Rekstrargjöld

Niðurfærsla ófnislegra eigna vegna kaupa á Royce Medical, IMP og Innovation Sports, hafa veruleg áhrif á rekstrarhagnað og á hagnað tímabilsins, þó að hún hafi ekki áhrif á sjóðstreymi og hagnað fyrir afskriftir, vexti og skatta (EBITDA). Niðurfærslan á öðrum fjórðungi nam 3 milljónum Bandaríkjadala og lækkaði hlutfall rekstrarhagnaðar af sölu um 4,6 prósentustig og hlutfall hagnaðar af sölu um 2,8 prósentustig. Upphæðin skiptist á einstaka rekstrarliði sem hér segir:

Kostnaðarliður	Upphæð í þúsundum USD	Niðurfærsla sem hlutfall af sölu
Sölu- og markaðskostnaður	1.699	2,6%

Þróunarkostnaður	1.047	1,6%
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	256	0,4%
Samtals	3.002	4,6%

Niðurfærsla ófnislegra eigna vegna fyrirtækjakaupa síðustu misseri heldur áfram næstu 4-5 árin.

Sölu- og markaðskostnaður jókst og var 26% af sölu samanborið við 20% á sama tímabili í fyrra. Breytingin samsvarar 6,6 prósentustigum, en þar af eru 2,6 prósentustig vegna niðurfærslu ófnislegra eigna sem er tilkomin vegna fyrirtækjakaupa síðustu missera.

Þróunarkostnaður nam 6,5% af sölu, samanborið við 7,8% á sama tímabili í fyrra. Niðurfærsla ófnislegra eigna nemur 1,6 prósentustigum. Styrking Bandaríkjadals gagnvart íslensku krónunni hefur verulega jákvæð áhrif þar sem meginhluti þróunarstarfs Össurar fer fram á Íslandi. Að auki var hlutfall þróunarkostnaðar af sölu hjá keyptum fyrirtækjum lægra en hjá Össuri. Allur þróunarkostnaður er gjaldfærður.

Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður var 13,4% af sölu og lækkar úr 16,4% á öðrum fjórðungi 2005. Nú þegar má merkja ávinning af stærðarhagkvæmni í þessum kostnaðarlið, en að auki hefur styrking Bandaríkjadals gagnvart íslensku krónunni jákvæð áhrif, en höfuðstöðvar fyrirtækisins eru á Íslandi.

Fjármagnsgjöld

Fjármagnsgjöld nema tæplega 6 milljónum Bandaríkjadala, þar eru meðtaldar 3,6 milljónir dala í vaxtagreiðslur af bankalánum og 2,4 milljónir vegna gengistaps.

Vaxtagreiðslur af bankalánum jukust um 921% sem er vegna verulegrar aukningar á skuldsetningu fyrirtækisins í kjölfar fyrirtækjakaupa á síðustu misserum. Eiginfjárhlutfall var 36% í lok ársfjórðungsins og lækkar úr 56% í lok júní 2005. Össur hefur gert vaxtaskiptasamning sem festir vaxtaþrósentu á 140 milljónum Bandaríkjadala og 48,6 milljónum evra af langtímalánum félagsins. Föst árleg vaxtaþrósentu út lántímabilið er 5,99%.

Um 70% af langtímalánum Össurar eru í Bandaríkjadöllum og 30% í evrum. Neikvæð gengisþróun vegna verulegrar styrkingar evru gagnvart Bandaríkjadala á öðrum ársfjórðungi nemur 3,2 milljónum dala. Þessi neikvæðu áhrif eru tilkomin vegna mismunar á stundargengi í lok fyrsta ársfjórðungs og lok annars ársfjórðungs 2006. Þessi áhrif geta snúist við síðar ef markaðsaðstæður breytast.

Tekjuskattur

Verulegur skattafrádráttur vegna fyrirtækjakaupa síðustu misseri sem og skattafrádráttur í tengslum við innri fjármögnun dótturfélaga, leiðir af sér 15% virkt skatthlutfall.

Hagnaðarhlutföll

Eins og áður hefur komið fram er framlegðin 59% af sölu, nálægt því 2% lægri en á sama tímabili í fyrra. Jákvæð áhrif vegna hærri framlegðar hjá Royce Medical og vegna gengisþróunar, jafnast út vegna lægri framlegðarhlutfalla hjá Innovation Sports og IMP og kostnaðar vegna innköllunar á Total Knee.

Rekstrarhagnaður nam 13% af sölu á öðrum ársfjórðungi en var 18% á sama tímabili í fyrra. Að frátöldum áhrifum vegna niðurfærslu ófnislegra eigna er hlutfallið 17,5%. Neikvæð breyting á framlegð jafnast út vegna jákvæðrar þróunar í rekstrargjöldum að frátöldum afskriftum. Áhrif gengismismunar miðað við sama tímabil í fyrra eru jákvæð á kostnaðarverð seldra vara og rekstrargjöld sem nemur um 800 þúsund Bandaríkjadöllum.

Hlutfall EBITDA af sölu var 20% á öðrum fjórðungi samanborið við 22% á öðrum fjórðungi 2005.

Hagnaður var 2,1 milljón Bandaríkjadala eða um 3% af sölu, samanborið við 4,6 milljónir eða 13% af sölu á sama tímabili í fyrra. Án afskrifta á ófnislegum eignum nam hagnaðurinn 3,9 milljónum dala eða um 6% af sölu. Lækkunin skýrist einkum vegna aukinna fjármagnsgjalda í kjölfar skuldsetningar fyrirtækisins vegna fyrirtækjakaupa og neikvæðrar gengisþróunar í vegna styrkingar evru gagnvart Bandaríkjadala.

Rekstrarreikningur janúar-júní 2006

Rekstrarreikningur Jan. - júní 2006 (Þús. USD)	Jan. - júní 2006	Bakf. v. einsk. kostn. & afskr.	Jan. - júní án einsk. kostn. & afskr.	% af sölu	Jan. - júní 2005	% af sölu	Breyt.
Sala	125.534		125.534	100%	66.572	100%	89%
Kostnaðarverð seldra vara	-50.865		-50.865	-41%	-26.364	-40%	93%
Framlegð	74.669		74.669	59%	40.208	60%	86%
Aðrar rekstrartekjur	123		123	0%	586	1%	-79%
Sölu- og markaðskostnaður	-33.332	3.332	-30.000	-24%	-13.995	-21%	114%

Þróunarkostnaður	-8.927	2.038	-6.889	-5%	-5.202	-8%	32%
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	-17.295	489	-16.806	-13%	-10.696	-16%	57%
Kostnaður vegna endurskipulagningar	-3.000	3.000	0	0%			
Rekstrarhagnaður	12.238		21.097	17%	10.901	16%	94%
Fjármunatekjur/(fjármagnsgjöld)	-10.908		-10.908	-9%	-682	-1%	1499%
Hagnaður fyrir tekjuskatt	1.330		10.189	8%	10.219	15%	0%
Tekjuskattur	1.360	-3.484	-2.124	-2%	-2.431	-4%	-13%
Hagnaður tímabilsins	2.690		8.065	6%	7.788	12%	4%
EBITDA	21.738		24.738	20%	13.291	20%	86%

Sala fyrstu sex mánuði ársins var 125,5 milljónir Bandaríkjadala, sem jafngildir 89% aukningu frá fyrstu sex mánuðum ársins 2005, mælt í Bandaríkjadöllum. Innri vöxtur var 10% og pro forma söluvöxtur nam 7%.

Rekstrarhagnaður, að frátöldum einskiptiskostnaði vegna endurskipulagningar og afskrifta á óefnislegum eignum, nam 21,1 milljón dala eða 17% af sölu, sem jafngildir 94% aukningu samanborið við sama tímabil 2005. EBITDA að frátöldum einskiptiskostnaði vegna endurskipulagningar nam 24,7 milljónum dala samanborið við 13,3 milljónir dala á fyrstu sex mánuðum 2005, sem er aukning um 86%. EBITDA hlutfall af sölu er 20% og stendur í stað.

Hagnaður að viðbættum afskriftum á útistandandi hlut að teknu tilliti til kaupréttar á fyrstu sex mánuðum ársins, að undanskildum einskiptiskostnaði vegna endurskipulagningar, var 3,64 bandarísk sent, sem er aukning úr 3,23 bandarískum sentum fyrir fyrstu sex mánuði ársins 2005. Þetta jafngildir 13% aukningu.

Fjárfesting í fastafjármunum nam 4,4 milljónum Bandaríkjadala fyrstu 6 mánuði ársins 2006, en það jafngildir 3,5% af sölu.

Efnahagsreikningur

Efnahagsreikningur (þús. USD)	30. júní 2006	31. desember 2005	Breyting
Fastafjármunir	363.016	325.873	11%
Veltufjármunir	84.270	82.113	3%
Eignir samtals	447.286	407.986	10%
Eigið fé	159.074	152.829	4%
Langtímaskuldir	232.123	215.361	8%
Skammtímaskuldir	56.089	39.796	41%
Eigið fé og skuldir samtals	447.286	407.986	10%

Heildareignir jukust úr 408 milljónum dala í lok árs 2005 í 447,2 milljónir í lok júní, sem er 10% aukning. Í janúar var fyrirtækið Innovation Sports keypt fyrir 38,4 milljónir dala. Kaupin voru að hluta til fjármögnuð með handbæru fé og að hluta til með lánsfé. Meginlánasamningur fyrirtækisins var hækkaður um 40 milljónir dala vegna kaupanna en þar af eru 20 milljónir óáðregnar.

Eiginfjárlutfall í lok júní var 36%, samanborið við 37% í árslok 2005 og 56% í lok júní 2005.

Eins og áður hefur komið fram, hafði styrking evru á móti Bandaríkjadal neikvæð áhrif á langtímalán fyrirtækisins sem leiðir af sér 3,2 milljónir dala í neikvæðan gengismun. Þessi neikvæðu áhrif eru tilkomin vegna mismunar á stundargengi í lok fyrsta ársfjórðungs og lok annars ársfjórðungs 2006. Þessi áhrif geta snúist við síðar ef markaðsaðstæður breytast.

Sjóðstreymi

Sjóðstreymi (þús. USD)	Janúar - júní 2006	Janúar - júní 2005
Hreint veltufé frá rekstri	14.513	12.095
Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta	17.145	9.503
Fjárfestingahreyfingar	-44.021	-3.880

Fjármögnunarahreyfingar	24.609	-4.386
Breyting á handbæru fé	-12.607	-573

Handbært fé frá rekstri, að frátöldum vöxtum og sköttum nam 17,1 milljón Bandaríkjadala á fyrstu sex mánuðum ársins samanborið við 9,5 milljónir á fyrstu sex mánuðum ársins 2005. Aukningin er 80%.

Lykiltölur

Lykiltölur	Janúar - júní 2006	Janúar - júní 2005	2. ársfj. 2006	2. ársfj. 2005
Hagnaður á hlut (bandarísk sent)	0,70	2,48	0,55	1,47
Hagnaður á hlut að teknu tilliti til kaupréttar (bandarísk sent)	0,70	2,47	0,55	1,47
Hagnaður að viðbættum afskriftum á hlut að teknu tilliti til kaupréttar (bandarísk sent)	3,17	3,23	1,76	1,86
Hagnaður að viðbættum afskriftum á hlut að teknu tilliti til kaupréttar, án einskiptiskostnaðar v/ endurskipulagningar (bandarísk sent)	3,64	3,23	1,76	1,86

Hagnaður á hlut að teknu tilliti til kaupréttar var 0,55 bandarísk sent á hlut á öðrum fjórðungi 2006 og lækkar úr 1,47 bandarískum sentum á öðrum fjórðungi í fyrra sem er 63% lækkun.

Hagnaður að viðbættum afskriftum á útistandandi hlut að teknu tilliti til kaupréttar var 1,76 bandarísk sent á öðrum ársfjórðungi og lækkar úr 1,86 bandarískum sentum, sem samsvarar 5% lækkun. Hagnaður að viðbættum afskriftum á útistandandi hlut að teknu tilliti til kaupréttar á fyrstu sex mánuðum ársins, að undanskildum einskiptiskostnaði vegna endurskipulagningar sem nemur 3 milljónum dala á fyrsta fjórðungi, var 3,64 bandarísk sent og hækkar úr 3,23 bandarískum sentum á sama tímabili í fyrra sem samsvarar 13% aukningu.

Við mat á breytingu á hagnaði á hlut þarf að hafa í huga áhrif vegna aukinnar skuldsetningar fyrirtækisins, í kjölfar fyrirtækjakaupa síðustu misseri og þar af leiðandi auknum vaxtakostnaði.

Fimm ára samanburður

Fimm ára samanburður	2. ársfj. 2006	2. ársfj. 2005	2. ársfj. 2004	2. ársfj. 2003	2. ársfj. 2002
Sala	65.500	35.422	31.775	22.726	21.223
Rekstrarhagnaður	8.478	6.500	5.622	2.549	2.989
Fjármunatekjur / (fjármagnsgjöld)	-5.987	-271	-696	-247	338
Hagnaður (tap) fyrir skatta	2.491	6.229	4.926	2.302	3.309
Hagnaður eftir skatta	2.119	4.615	3.860	1.908	2.589
Eigið fé	159.074	60.755	49.669	44.171	33.559
Heildareignir	447.286	108.433	103.515	85.825	67.199
Veltufé frá rekstri	9.487	7.115	6.343	3.183	3.558
Handbært fé frá rekstri	5.608	6.440	3.967	4.230	554
Arðsemi eigin fjár síðustu 12 mánuði	6%	29%	18%	25%	29%
Veltufjárlutfall	1,5	2,3	2,1	3,5	2,0
Eiginfjárlutfall	36%	56%	48%	51%	50%
Hagnaður á hlut síðustu 12 mánuði	1,80	5,04	2,65	3,02	2,74
Verð á hlut í lok tímabils (ISK)	108,5	79,5	69,0	51,5	55,5
Markaðsvirði í milljónum dala	545	388	302	221	211

Rekstrarhorfur

Rekstrarhorfur fyrir árið 2006 og 2007 eru jákvæðar. Endurskipulagning og samþætting í kjölfar fyrirtækjakaupa ganga samkvæmt áætlun, en gert er ráð fyrir að þær muni skila allt að 8 milljón dala rekstrarhagræði frá og með árinu 2007. Niðurstöður vinnustaðagreiningar, sem Gallup framkvæmdi í vor, voru mjög jákvæðar og staðfestu að vel hefur tekist til í samþættingunni er varðar starfsmenn fyrirtækisins.

Gert er ráð fyrir að sala Össurar verði yfir 250 milljónir Bandaríkjadala árið 2006 og að EBITDA framlegð verði um 20% að undanskildum einskiptiskostnaði.

Rekstrarhorfur til lengri tíma eru áfram jákvæðar. Öflugir undirliggjandi hvatar til markaðsvaxtar, metnaður til að ná framúrskarandi árangri í rekstri, tæknileg forysta og vel ígrunduð fyrirtækjakaup eru grundvöllurinn að því að ná settum markmiðum í lok árs 2010 um að auka sölu í 750 milljónir Bandaríkjadala og 23% EBITDA framlegð.

Viðurkenningar

Össur hf. hlaut verðlaun fyrir bestu fjárfestatengslin á meðal skráðra fyrirtækja á Íslandi á árlegri norrænni verðlaunaafhendingu breska tímaritsins IR Magazine, sem veitir verðlaun fyrir góð samskipti við fjárfesta og aðra markaðsaðila. Þetta er í þriðja sinn sem Össur hf. hlýtur þennan heiður, en fyrirtækið hefur verið tilnefnt fimm sinnum.

Leiðrétting í ársskýrslu

Mistök voru gerð í kaflanum um Rekstur og efnahag á bls. 41. í ársskýrslu Össurar 2005. Sundurliðun á sölu og rekstrarkostnaði milli gjaldmiðla var víxlað þannig að kostnaðarhlutföll eru skýrð sem söluhlutföll og öfugt. Uppfærða ársskýrslu er hægt að nálgast á heimasíðu Össurar: www.ossur.com

Samþykkt árshlutareiknings

Árshlutareikningur fyrir annan ársfjórðung 2006 fyrir félagssamstæðu Össurar hf. var samþykktur á stjórnarfund í dag. Árshlutareikningurinn, sem gerður er í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS-International Financial Reporting Standards), hefur verið kannaður af endurskoðendum félagsins og áritaður án athugasemda.

Kynningarfundir fyrir markaðsaðila

Þriðjudaginn 1. ágúst heldur Össur hf. upplýsingafundi fyrir fjárfesta og markaðsaðila.

Klukkan 13:00 að staðartíma verður haldinn símafundur á ensku. Unnt verður að hlusta á fundinn á heimasíðu Össurar: www.ossur.com.

Vinsamlegast hringið í eftirfarandi símanúmer til að taka þátt í fundinum:

Símanúmer fyrir Evrópu: +44 (0) 20 7162 0025

Símanúmer fyrir Bandaríkin: +1 334 323 6201

Einnig er unnt að senda fyrirspurnir til fundarins, sem haldinn er á ensku, með tölvupósti á investormeeting@ossur.com

Klukkan 16:15 að staðartíma verður opinn fundur með stjórnendum fyrirtækisins á Grand Hótel við Sigtún. Á fundinum munu Jón Sigurðsson, forstjóri og Hjörleifur Pálsson, fjármálastjóri, fara yfir rekstur tímabilsins.

Kynningarefni fundarins verður hægt að nálgast á heimasíðu Össurar: www.ossur.com og á vef Kauphallar Íslands, www.icex.is jafnhliða fréttatilkynningunni.

Birtingadagatal Össurar

Eftirfarandi dagsetningar sýna áætlaða birtingu uppgjöra fyrir árið 2006:

3. ársfjórðungur	30. október 2006
4. ársfjórðungur	7. febrúar 2007
Aðalfundur 2007	23. febrúar 2007

Fréttatilkynningar frá Össuri sendar með tölvupósti

Ef óskað er eftir því að fá fréttatilkynningar frá Össuri sendar með tölvupósti, er hægt að skrá sig á eftirfarandi síðu: <http://www.ossur.com/investormailings>

Nánari upplýsingar

Jón Sigurðsson, forstjóri	sími: 515-1300
Hjörleifur Pálsson, fjármálastjóri	sími: 515-1300
Sigurborg Arnarsdóttir, fjárfestatengill	sími: 515-1300